

Aðalstjórnarfundur UMFT

1. september 2008

Mættir á fundinn eru Gunnar Þór Gestsson, Magnús Helgason, Elínborg Svavarsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Karl Jónsson, Valbjörn Geirmundsson, Helga Gígja Sigurðardóttir, Rannveig Helgadóttir, Skúli Jónsson, Atli Hjartarson og Snorri Styrkársson.

Dagskrá :

Kynning á nýjum netsamskiptum UMFT

Gunnar Þór Gestsson formaður kynnti fyrir fundarmönnum nýjan vélakost og hugbúnað fyrir netsamskipti og bókhald UMFT. Greindi hann frá því að gert er ráð fyrir því að deildirnar noti þessa leið fyrir öll samskipti sín á milli og einnig samskipti út á við. Deildirnar fá netföng hver fyrir sig sem öll verða hjá(@)tindastoll.is . Hver deild fær sína samskiptasíðu(Sharepoint) þar sem hægt er að geyma rafræn gögn, myndir og hafa spjallþræði. Þá hefur félagið fengið aðgang í gegnum Sveitarfélagið Skagafjörð að bókahaldskerfinu NAV. Það er von aðalstjórnar að deildirnar noti þetta bókahaldskerfi fyrir sitt bókhald. Það ætti að auðvelda málin þegar nýjir gjaldkerar taka við störfum að gögnin séu öll til staðar á einum stað í vörslu félagsins frekar en að einstaklingar séu að geyma bókhaldið á sínum einkavélum.

Gunnar Þór úthlutaði lykilorðum til deildanna og hvatti fólk til þess að skoða kerfið og prófa sig áfram. Síðan yrði strax í vikunni farið í að tengja inn netföng þannig að póstur til félagsins færi að skila sér inn á þessa nýju vél.

Fleira ekki gert.

Kristjana Jónsdóttir, ritari.